

# ÍMÚR Fín Múrblanda

## Tækniblað/Notkunarleiðbeiningar



### Eiginleikar

**Notkunarvið:** Fín múrblanda hentar til múrhúðunar á sementsbundna fleti og viðgerða á múrhúð og fl. Blönduna er hægt að nota bæði úti og inni.

**Efnis eiginleikar:** Fín múrblanda er sementsbundin múrblanda tilbúin til notkunar, aðeins þarf að bæta í hana réttu magni af vatni. Blandan er vatnsheldin, þ.e. nýútlögð múrhúð þornar (tapar vatni) mun hægar en blanda sem ekki er vatnsheldin. Fín múrblanda er framleidd eftir kröfum ÍST EN 998-1:2010 og er í flokki GP.

### Tæknilegar upplýsingar

|                              |                           |                  |              |
|------------------------------|---------------------------|------------------|--------------|
| Purrefnisþörf, 1 mm lagþykkt | 1,6-1,7 kg/m <sup>2</sup> | Mesta kornastærð | 1,2 mm       |
| Vatnsþörf                    | 0,180 l/kg                | Brunaflokkur     | Óbrennanlegt |

|                            |                         |                              |
|----------------------------|-------------------------|------------------------------|
| Meðal þrýstipól* 28 daga   | 19 MPa                  | ÍST EN 1015-11:1999          |
| Meðal beygjutogpól 28 daga | 4,4 MPa                 | ÍST EN 1015-11:1999          |
| Varmaleiðni λ              | 0,82 W/m K              | ÍST EN 1745:2012, Tafla A.12 |
| Purr rúmpýngd              | 1.698 Kg/m <sup>3</sup> | ÍST EN 1015-10:1999          |
| Vatns ídrægni              | W2                      | ÍST EN 1015-18:2002          |

\* Þrýstipóls flokkur: CS IV samkvæmt ÍST EN 998-1:2010

### Undirlag

Undirlagið verður að vera berandi og laust við öll óhreinindi ss. málningu, olíu, tjöru, ryk. Laust yfirborð, los, frostsKemmdir, slamma/efju o.þ.hl. verður að fjarlægja. Í flestum tilvikum þarf að hreinsa flötin vélrænt með t.d háþrýstipvotti, slípun eða sandblæstri.

### Undirbúningur:

Eins og alltaf, þarf að miða múrvinnu við ytri aðstæður. Forðast þarf veðurskilyrði þar sem fer saman sólskin og mikill vindur fyrsta sólarhringinn.

Undirbúa þarf fleti á viðeigandi hátt. Annað hvort að bleyta þá eða grunna með ÍMÚR Múrgrunni.

Ef fletir eru bleyttir eiga þeir að vera sem næst rakamettaðir en samt yfirborðs þurrir þegar húðun hefst.

Ef grunnað er með ÍMÚR Múrgrunni þarf grunnurinn að taka sig vel eða þorna áður en húðað er. Gleypna fleti getur þurft að grunna tvisvar og ráðlagt að þynna grunninn um 25% í fyrri umferð. Grunnurinn þarf að þorna milli umferða.

### Notkun

**Hitastig:** Blönduna á ekki að nota við hitastig undir +5°C eða yfir +25°C.

**Vatnsinnihald/ Blöndun:** Ekki skal nota meira vatn við blöndun en þjálni krefst. Til viðmiðunar má sjá vatnsþörfina í töflunni um tæknilegar upplýsingar og á límmiða á poka.

**Efnisþörf:** Fín múrblanda má bera á flötinn í þykktum frá 5 mm upp í 15 mm.

**Aðhlúun:** Nýútlagðan múr skal verja fyrir of hraðri útpornun, sérstaklega fyrsta sólahringinn eftir útlögn. Halda þarf múrhúð rakri fyrstu dagana eftir húðun ef þurrkur er mikill.

#### Hreinsun

Strax eftir notkun skal þrifa verkfæri og áhöld upp úr volgu vatni.

#### Pökkunarstærðir

Umbúðastærð er 25 kg poki.

#### Geymsla

Fína múrblöndu á að geyma á þurrum og frostfríum stað. Geymsluþol blöndu er um 18 mánuðir frá pökkunardegi sem merktur er á umbúðir.

#### Öryggisupplýsingar

Sementsblönduð efni hafa basíska verkun og leysa því upp húðfitu. Verja skal húð og augu með viðeigandi hlífðarbúnaði. Í öllum ÍMÚR blöndum er járnsúlfat til varnar krómexemi.

#### Sérstakar upplýsingar

**Yfirborðsmeðhöndlun:** Fara skal eftir leiðbeiningum frá framleiðanda yfirborðsefnis varðandi rakastig múrlags við ásetningu.

Fína múrblöndu er ekki hægt að nota með sprautuvélum.

Ekki má nota vöruna á annan hátt eða við aðrar aðstæður en tekið er fram á ofangreindu tækniblaði, án samráðs við BM-Vallá. Tilgangur tækniblaðsins er að tryggja að efnið sé notað við réttar aðstæður og á réttan hátt.

Ef nýtt tækniblað er gefið út, glata allar fyrri útgáfur gildi sínu.